



14. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 2. desember 2020 kl. 12 í fjarfundi.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir og Gunnar Gíslason. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Anna Elínborg Gunnarsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. COVID-19 áhrif á Þjóðskjalasafni og yfirlit yfir verkefni ársins.
2. Rekstraráætlun 2021 og útkomuspá 2020.
3. Drög að starfsáætlun fyrir 2021.
4. Húsnæðismál.
5. Uppbygging rafræna innviða í Þjóðskjalasafni.
6. Reglusetning og námskeið.
7. Betri vinnutími.
8. Umhverfis- og loftlagsstefna.
9. Vorráðstefna, Rannsóknadagur og málstofa um póst- og frímerkjasögu.
10. Hlaðvarp, Arkir, Skjalafréttir og útgáfa landsnefndarskjala.

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. COVID-19 áhrif á Þjóðskjalasafni og yfirlit yfir verkefni ársins.

Þjóðskjalavörður kynnti stöðu verkefna í Þjóðskjalasafni og viðbrögð á safninu við COVID-19.

Neyðarstjórn og viðbragðsteymi Þjóðskjalasafns vegna COVID-19 hafa haldið 21 fund á árinu. Lestrarsalur og afgreiðsla safnsins opnuðu á ný þann 4. maí eftir að slakað var á samkomubanni. Í kjölfar hertra sóttvarnaraðgerða stjórnvalda sem tóku gildi 8. október var ákveðið að loka Þjóðskjalasafni að nýju. Aðgerðir stjórnvalda miðuðu við að aðeins mættu tíu manns koma saman og því var ljóst að ekki væri hægt að halda úti þjónustu á lestrarsal eða afgreiðslu. Einnig var starfsfólk sem það gat hvatt til að vinna heima. Þessar aðgerðir munu standa alla vega yfir til og með 9. desember nk. Margir þættir í starfseminni hafa gengið eðlilega fyrir sig í fjarafgreiðslu og innri verkefnum.

Þjóðskjalavörður kynnti niðurstöður starfsánægjukönnunar Sameykis, sem safnið tekur árlega þátt í. Könnunin var gerð í byrjun árs 2020, en niðurstöður voru ekki kynntar fyrr en um miðjan október. Ánægjulegt er að sjá að viðhorf starfsmanna hafa batnað til muna á mörgum sviðum, m.a. þeim sem sérstaklega var unnið með í tengslum við skipulagsbreytingar síðastliðins árs.



Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Gíslason.

2. Rekstraráætlun 2021 og útkomuspá 2020.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, kynnti fjárveitingar og rekstraráætlun ársins 2021 og útkomuspá 2020.

Rekstrarafgangur ársins 2020 verður um 7,0 m.kr. samkvæmt áætlun í lok árs. Rekstraráætlun safnsins hefur nokkuð riðlast vegna ýmissa þátta, s.s. gjöld vegna ferða og námskeiða eru undir áætlun, ráðning sumarstarfsmanna var kostnaðarsöm ásamt því að endurbætur á lestrarsal hafa orðið kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir.

Árið 2020 er framlag ríkissjóðs til safnsins 373,2 m.kr. Af því eru kr. 31,5 m.kr. rekstrar- og verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna. Áætlaðar sértekjur safnsins árið 2021 eru um 61 m.kr., en sértekjukrafa samkvæmt fjárlögum er 83,2 m.kr. Óskað hefur verið eftir að sértekjukrafan verði lækkuð um 12,0 m.kr. á þeirri forsendu að Þjóðskjalasafn hefur ekki lengur heimild til að selja umbúðir. Í áætluninni er gert ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu 19,0 m.kr. Til að mæta því er gert ráð fyrir að flytja milli ára 7,0 m.kr. og þegar hefur verið óskað eftir að sértekjukrafa verði lækkuð um 12,0 m.kr. Langstærsti útgjaldaliður safnsins er launakostnaður eða um 357,6 m.kr.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

3. Drög að starfsáætlun fyrir 2021.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir og Njörður Sigurðsson, sviðsstjórar á Þjóðskjalasafni, kynntu drög að starfsáætlun fyrir árið 2021 og helstu verkefni sem ráðist verður í. Áhersluverkefni á rekstrar- og varðveislusviði eru m.a. endurskoðun starfa og verkferla, innviðaverkefni tengd upplýsingatækni, ný fjargeymsla, brunakerfi, innleiðing viðbragsáætlunar, umhverfisvottun, heimildaútgáfa og þjóðlendurannsóknir. Auk þess verður áhersla á eflingu mannauðs og starfsánægju á fordæmalausum tímum. Á skjala- og upplýsingasviði verður m.a. lögð áhersla á eftirlitskannanir og eftirlitsheimsóknir, reglusetningu, fræðslufni, frágang og skráningu skjalasafna, gjaldskrármál, að yfirfara skjalaskrár, flutning í nýja fjargeymslu og leiðbeiningar um skjalaleit fyrir almenning.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Gíslason, Svanhildur Bogadóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

4. Húsnæðismál.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála. Mikil vinna hefur staðið yfir allt árið í þeim málum og þarfagreining í þremur áföngum. Auglýsing um bráðabirgðafjargeymslu fór í loftið 9. október síðastliðinn og stendur nú yfir skoðun á 11 tilboðum sem bárust. Von er til þess



að hægt verði að flytja í nýja fjargeymslu á fyrri hluta næsta árs. Með nýrri fjargeymslu verða hús 5, Brautarholt 6 og geymslur í Laugarnesi tæmdar.

Frumþarfragreining fór einnig fram á árinu fyrir varanlegt varðveisluhúsnaði og greiningu á þörfum fyrir höfuðstöðvar, s.s. öryggismál og varðveisluaðstæður. Unnið verður áfram í þessum þáttum á nýju ári. Þjóðskjalavörður nefndi einnig að samhliða þessu væri verið að móta heildarstefnu í varðveislunni skjala og gagna ríkisins.

Til máls tók Hrefna Róbertsdóttir.

5. Uppbygging rafrænna innviða í Þjóðskjalasafni.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir verkefni um uppbyggingu rafrænna innviða í Þjóðskjalasafni. Þjóðskjalasafn fékk sérstaka fjárveitingu til að láta gera tæknistefnu og útboðslýsingu fyrir hönnun og þróun á rafrænum innviðum Þjóðskjalasafns. KPMG hefur unnið að verkefninu en stýrihópur er skipaður af fulltrúum KPMG, Þjóðskjalasafns, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Vinna við tæknistefnu er að mestu lokið og er unnið að gerð útboðslýsingar, m.a. í vinnustofum með starfsfólki Þjóðskjalasafns og helstu hagsmunaaðilum. Útboðslýsingin verður tilbúin fyrir aprílmánuð á næsta ári og er þá vonast til þess að fjárveiting fái til að gera útboð á kerfi eða kerfum fyrir rafræna innviði Þjóðskjalasafns.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir og Guðmundur Jónsson.

6. Reglusetning og námskeið.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir stöðu reglusetningar og námskeiðum um skjalavörslu og skjalastjórn. Í ári hafa tvær reglur verið settar, annars vegar reglur um meðferð, varðveislunni og eyðingu á tölvupóstum (nr. 331/2020) og hins vegar reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum (nr. 877/2020). Þá eru drög að reglum um eyðingu námsmatsgagna afhendingarskyldra aðila í umsagnarferli. Jafnframt er verið að vinna að reglum um eyðingu fjárhagsbókhalda, varðveislunni og eyðingu gagna í Mentor, um skjalageymslur og vörsluútgáfur rafrænna gagna og eru þær komnar mislangt á veg. Þjóðskjalasafn auglýsti tíu námskeið fyrir afhendingarskylda aðila í október og var ákveðið að þau færu öll fram í gegnum fjárfundabúnaðinn Teams og þau væru án kostnaðar fyrir þátttakendur. Mikil aðsókn hefur verið að þeim námskeiðum sem haldin hafa verið hingað til en um 50-100 manns hafa sótt hvert námskeið.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Gunnar Gíslason, Svanhildur Bogadóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

7. Betri vinnutími.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, gerði grein fyrir vinnu á Þjóðskjalasafni um styttingu vinnuvikunnar. Vinnutímanefnd var skipuð 21. október sl. og tók hún þegar til starfa. Vinnustofur með starfsfólki um betri vinnutíma voru 18. – 23. nóvember.



Fjórar tillögur um styttingu vinnuvikunnar voru kynntar starfsfólki 25. nóvember og fór fram kosning um tillögur 25.-30. nóvember. Breyting á vinnutíma tekur gildi í síðasta lagi 1. janúar 2021.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson.

8. Umhverfis- og loftlagsstefna.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, gerði grein fyrir vinnu í Þjóðskjalasafni við umhverfis- og loftlagsstefnu. Þjóðskjalasafn hefur sett sér markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum. Markvisst hefur verið unnið að því að gera Þjóðskjalasafn Íslands að umhverfisvænum vinnustað. Þjóðskjalasafn hefur þegar hlotið viðurkenningu fyrir fjögur græn skref. Vinna við innleiðingu á umhverfisvottun ISO 14001 er langt komin.

Til máls tók Anna Elínborg Gunnarsdóttir.

9. Vorráðstefna, Rannsóknadagur og málstofa um póst- og frímerkjasögu.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir þremur viðburðum sem hafa verið á dagskrá safnsins nú í haust. Ákveðið var á haustmánuðum að gera alla viðburði safnsins að vefviðburðum vegna veirufaraldursins og aðgerða sóttvarnaryfirvalda. Vorráðstefna safnsins, sem vera átti í maí, var frestað til hausts og var haldin 15. september sl. og var send út í beinni útsendingu á Facebook-síðu Þjóðskjalasafns. Á vorráðstefnunni voru niðurstöður eftirlitsskýrslu með skjalahaldi ríkisins 2020 kynntar. Málstofa um póst- og frímerkjasögu, sem var samvinnuverkefni Þjóðskjalasafns, Þjóðminjasafns og Skógasafns, fór fram í gær, 1. desember, og var hún jafnframt send út í beinni útsendingu á Facebook. Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns mun fara fram 8. desember nk. en þema hans að þessu sinni er hagsaga. Rannsóknadagurinn verður einnig sendur út í beinni útsendingu á Facebook-síðu safnsins. Upptökur af ráðstefnunum eru aðgengilegar á Facebook og Youtube-síðum safnsins.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson og Anna Agnarsdóttir.

10. Hlaðvarp, Arkir, Skjalafréttir og útgáfa landsnefndarskjala.

Þjóðskjalavörður sagði frá nýju hlaðvarpi Þjóðskjalasafns, fréttabréfum safnsins og útgáfu á skjölum landsnefndarinnar. Hlaðvarp Þjóðskjalasafns, *Til skjalanna*, fór í loftið 23. október sl. og hafa þegar verið sendir út fjórir þættir. Þá hófst útgáfa á nýju rafrænu fréttabréfi á vegum Þjóðskjalasafns sem heitir *Arkir – fréttir af safnkosti Þjóðskjalasafns* en fyrsta tölublaðið var sent út til áskrifenda 27. október. Fréttabréfinu er ætlað að flytja fréttir um safnkost Þjóðskjalasafns, ný aðföng, miðlun, útgáfu, sýningar og viðburði. Þjóðskjalasafn hefur gefið út *Skjalafréttir* frá árinu 2014 og eru tölublöðin orðin 82 talsins. Í *Skjalafréttum* eru fréttir og tilkynningar um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Fimmta bindi af skjölum Landsnefndarinnar fyrri komu út í lok október, og er nú aðeins eitt bindi eftir í þeirri útgáfu sem kemur á næsta ári. Auk þess



gaf Íslandspóstur gaf út frímerki Landsnefndinni til heiðurs, en á þessu ári eru 250 ár liðin síðan Landsnefndin kom til landsins.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

11. Frágangur fundargerðar.

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:33.

Anna Agnarsdóttir (sign)

Guðmundur Jónsson (sign)

Gunnar Gíslason (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)